

Stjórnarfundur í Guðmundarstofu 11. júní 2019 klukkan 17:00

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Árni Geir Eyþórsson, Þórunn Eggertsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

1. Breytt fyrirkomulag fjármála

Gjaldkeri fór yfir núverandi fyrirkomulag sem er óskilvirkt. Gjaldkeri leggur til nýtt fyrirkomulag þar sem framkvæmdastjóri getur greitt reikninga tengdum daglegum rekstri. Þá verða reikningar skannaðir inn í tölvu og geymdir á Dropbox þar sem gjaldkeri og stjórn getur haft virk eftirlit með rekstrinum. Stjórn veitir gjaldkera og framkvæmdastjóra heimild til að vinna áfram að þessum málum. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra greiðsluheimild af reikningi 535-26-1922.

2. Viðhald reiðvega

Ákveðnir blettir á reiðvegum þurfa viðhald. Taka þarf saman hvar þessir staðir eru og hafa samband við Reykjavíkurborg hvort þeir geti eitthvað komið að því að laga þetta með félaginu. Framkvæmdastjóri og Árni Geir skulu hafa samband við tengilið hjá Reykjavíkurborg hvort hægt sé að fara í viðhald á þessum svæðum sem mest liggur á að laga.

3. Almennadalur

Fákur auglýsti eftir tillögum að nýframkvæmdum í Almennadal 20. maí og bárust nokkur erindi til Fáks. Farið var yfir þær og verður unnið áfram með þær.

4. Lóðaleigusamningar

Farið var yfir stöðu lóðaleigusamninga á svæðinu og hvaða viðræður eru í gangi við Reykjavíkurborg. Formaður, Sigurbjörn Magnússon, Sigurbjörn Bárðarson og Ester áttu fund niðri í Reykjavíkurborg með borgarlögmanni um þessi mál og var það mjög gagnlegur fundur. Unnið verður áfram að þessum málum þangað til ásættanleg niðurstaða fæst fyrir lóðarhafa á svæðinu.

5. Reykjavíkumeistaramótið

Undirbúningur gengur vel og veðrið lítur út fyrir að spila með okkur. Metfjöldi er í skráningum, vel yfir 700 í ár.

Fleiri mál ekki tekin fyrir, fundi slitið

Fundargerð ritaði Einar Gíslason